



*Alþingi  
Erindi nr. P 133/1220  
komudagur 26.2.2007*

Kópavogi, 23. febrúar 2007.

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
Reykjavík

Efni: Samgönguáætlun.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu samþykktu meðfylgjandi ályktun á fundi í dag.

Með bréfi þessu fylgir einnig skýrsla um forgangsriðun vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu sem unnin er af starfshópi sem í voru forstöðumenn tækindeilda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt starfsmönnum frá VST. Hér með er ofangreindri ályktun komið á framfæri ásamt skýrslunni.

F.h. Gunnars Einarssonar formanns stjórnar SSH



## Ályktun stjórnar SSH 23. febrúar 2007.

### Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu verði stórauknar.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fara þess á leit við samgöngunefnd Alþingis að hún taki til endurskoðunar framlagðar þingsályktunartillögur um samgönguáætlanir fyrir árin 2007-2010 og 2007-2018. Komi tillögurnar til framkvæmda óbreyttar er ljóst að í mikil óefni stefnir í umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Umferð á helstu stofnleiðum verður eftir aðeins 5-10 ár um og yfir flutningsgetu þeirra sem þýðir miklar tafir á umferð, langar biðraðir, aukna slyshættu í íbúðahverfum og verulega skert lífsgæði íbúa svæðisins. Þjóðvegaumferð er nú þegar langmest á höfuðborgarsvæðinu og slys tíðust þar eins og kemur fram í framlagðri þingsályktunartillögu til samgönguáætlunar 2007-2010.

Forstöðumönnum tæknideilda sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var í mars árið 2005 falið að gera úttekt á þörf fyrir úrbætur á vegakerfi höfuðborgarsvæðisins miðað við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna til næstu ára. Í ítarlegum tillögum þeirra (sjá fylgiskjal) kemur fram að nauðsynlegt er að leggja verulegt fjármagn til vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu á næsta áratug umfram það sem framlagðar þingsályktunartillögur gera ráð fyrir. Umferðarspár fyrir uppbyggingu til ársins 2012 sem unnar voru í tengslum við vinnu þeirra sýna að umferð á helstu stofnleiðum höfuðborgarsvæðisins verður þá orðin mun meiri en þær geta með góðu móti flutt miðað við að framkvæmdum á núgildandi vegáætlun verði lokið. Fjárveitingar samkvæmt framlögðum þingsályktunartillögum til næstu ára duga engan veginn til að koma í veg fyrir að það ástand skapist sem lýst er í greinargerð bæjarverkfræðinganna. Í tillögu til samgönguáætlunar er gert ráð fyrir að til framkvæmda á svæðinu verði varið 8,7 milljörðum á árunum 2007 – 2010 auk 9,3 milljarða af símafé. Því fé er aðallega varið til Sundabrautar en ávallt hefur verið gert ráð fyrir sérstakri fjármögnun til þeirrar framkvæmdar. Framkvæmdararfé Vegagerðarinnar á þessu tímabili er alls 60 milljarðar

Í samræmi við niðurstöður bæjarverkfræðinganna leggja sveitarfélögin til að til ársins 2010 verði farið í vegaframkvæmdir á svæðinu fyrir tæpa 22 milljarða. Auk þess vantar 2 milljarða til að ljúka framkvæmdum sem þegar eru hafnar. Lagt er til að umfangsmestu framkvæmdirnar verði við mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, vegstokka á Miklubraut á milli Snorrabrautar og Kringlumýrarbrautar, á Hafnarfjarðarvegi við



Vífilsstaðaveg og á Mýrargötu. Einnig verði gerður Ofanbyggðavegur í Hafnarfirði á milli Kaldárselsveg og Krísuvíkurvegar, haldið verður áfram með breikkun Vesturlandsveg til norðurs og lagning Sundabrautar verði hafin. Helstu framkvæmdir sem lagt er til að farið verði í á árunum 2011-2014 eru auk Sundabrautar gerð Hlíðarfótar/Öskjuhlíðarganga auk vegstokks og mislægra gatnamóti á Reykjanesbraut í Hafnarfirði á milli Álftanesveg og Lækjargötu. Alls er lagt til að tæpum 17 milljörðum króna verði varið til framkvæmda á svæðinu á þessum árum. Á síðasta tímabilinu, þ.e. 2015-2018 er lagt til að farið verði í framkvæmdir fyrir um 16 milljarða króna. Um er að ræða frekari endurbætur á helstu stofnleiðum ásamt gerð Kópavogsganga og fl. Fjármögnun Sundabrautar er utan þessa ramma, enda ávallt gert ráð fyrir að brautin verði fjármögnuð með sérstökum hætti.

Í framlögðum þingsályktunartillögum koma fram nokkur markmið sem framkvæmdastjórnir taka heilshugar undir. Þar má nefna markmið um aukið öryggi umferðarmannvirkja, markmið um bætt hljóðvist og markmið um að draga úr mengun. Tvö síðastnefndu markmiðin snúa einkum að íbúum í þéttbýli, sem er eðli málsins samkvæmt mest á höfuðborgarsvæðinu. Það ber að fagna því að áhersla sé lögð á að bæta úr þessum neikvæðu áhrifum aukinnar umferðar. Í athugasemdum við tillögurnar kemur jafnframt fram að á höfuðborgarsvæðinu séu slys tíðust og þar sé jafnframt hægt að fækka umferðarslysum mest. Í þessu samhengi er rétt að athuga að um leið og umferðarþungi á stofnæðum er orðinn um og yfir flutningsgetu þeirra, eins og blasir við á höfuðborgarsvæðinu, er hætt við að umferð færist á aðrar leiðir, þ.m.t. inn í íbúðarhverfi sem eykur slyshættu þar. Auknar fjárveitingar til vegamála á höfuðborgarsvæðinu eru þannig í beinu samræmi við yfirlýst markmið tillagnanna.


Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja áherslu á að horft sé til framtíðar af metnaði og með lífsgæði íbúa að leiðarljósi. Leggja ber áherslu á að greiða fyrir umferð á svæðinu þar sem stór meirihluti landsmanna býr eða að lágmarki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegar mjög auknar tafir á umferð, með þeim afleiðingum sem þeim fylgja. Hönnun umferðarmannvirkja þarf að vera með þeim hætti að mengun, bæði vegna útblásturs bifreiða og hávaða verði sem minnst og með góða nýtingu verðmæts lands á svæðinu í huga. Leggja ber stofnbrautir í stökk þar sem því verður við komið, sem er í samræmi við þróun þessara mála í nágrennalöndum okkar. Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja almenningssamgöngur með því að almenningsvagnar hafi forgang í umferðinni og með því að ríkið styðji við rekstur þeirra.





Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vænta þess að samgöngunefnd taki framlagðar tillögur til endurskoðunar og tryggi nauðsynlegt fjármagn til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við fyrirséðan aukinn fjölda íbúa á svæðinu og aukna umferð.








  
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson  
borgarstjóri, Reykjavík


  
Lúðvík Geirsson  
bæjarstjóri, Hafnarfirði


  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir  
bæjarstjóri, Mosfellsbæ

  
Sigurður Magnússon  
bæjarstjóri, Álftanesi

  
Gunnar I. Birgisson  
bæjarstjóri, Kópavogi

  
Gunnar Einarsson  
bæjarstjóri, Garðabæ

  
Jónmundur Guðmarsson  
bæjarstjóri, Seltjarnarnesi

  
Sigurbjörn Hjaltason  
oddviti Kjósarhreppi